skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. mars til 8. maí 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Blásalir nr. 22 og 24.*

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðanna nr. 22 og 24 við Blásali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. mars til 8. maí 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Glósalir nr. 7.*

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 22. júní 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Glósali. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 25. mars til 8. maí 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 20. júní 1999.*

F.h. Birgis H. Sigurðssonar skipulagsstjóra,

**Málfríður K. Kristiansen** arkitekt.

20. júní 1999 Nr. 514

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi í vesturbæ Kópavogs.**

*Vesturvör 29.*

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 21. apríl 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 29 við Vesturvör. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 15. febrúar til 19. mars 1999 og hefur hún verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Kópavogi, 20. júní 1999.*

F.h. Birgis H. Sigurðssonar skipulagsstjóra,

**Málfríður K. Kristiansen** arkitekt.

27. júlí 1999 Nr. 515

# REGLUGERÐ

**um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1999/2000.**

**Leyfilegur heildarafli.**

1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1. september 1999 til 31. ágúst 2000 skulu við það miðast að þorskafli þeirra fari ekki yfir 34.976 lestir, miðað við óslægðan fisk auk afla sem leiðir af flutningi aflaheimilda frá fiskveiðiárinu 1998/1999.